

128 Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Samgöngubótasjóð Páls 4. nóv. Jónssonar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 4. nóvember 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Samgöngubótasjóð Páls Jónssonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfi Páls vegfræðings Jónssonar, dagsettu 31. desember 1913. Stofnfje sjóðsins er 6100 krónur í veðdeildarbrjefum Landsbankans og 702 krónur og 9 aurar í peningum. Sjóðurinn skal heita Samgöngubótasjóður Páls Jónssonar.

2. gr.

Vextina af sjóðnum skal leggja við höfuðstólinn meðan gefandinn, Páll Jónsson, er á lífi. Að gefandanum látnum skal verja $\frac{3}{4}$ af vöxtunum til samgöngubóta, svo sem vegalagninga, brúargjörða eða sæluhúsbygginga á þeim stöðum, þar sem vegagjörðir lögum samkvæmt eiga ekki að vera kostaðar af landsfje, en $\frac{1}{4}$ vaxta skal leggja við höfuðstólinn þangað til hann nemur 30,000 krónum, úr því skal verja öllum vöxtunum til samgöngubóta.

Þó skal Sigríður Jónsdóttir, systir gefandans, og maður hennar, Þorsteinn Þorsteinsson, njóta styrks af vöxtum sjóðsins, allt að 120 krónum á ári, ef þau fara þess á leit, og halda þau styrknum meðan þau þurfa hans með.

3. gr.

Stjórnarráð Íslands hefir á hendi stjórn sjóðsins og veitir styrk af vöxtunum til samgöngubóta samkvæmt 2. gr., þar sem því sýnist styrkurinn koma að mestum notum og með því skilyrði, að lagt sje fram úr annari átt til hins sama jafnmikið og styrkurinn úr sjóðnum nemur.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal ávalt ávaxta hann samkvæmt því, sem lög skipa fyrir um ávöxtun á ómyndugra fje. Verðbrjef sjóðs-

ins skulu bera nafn hans og áritun stjórnarráðsins um afhendingarbann. Stjórn- **128**
arráðið birtir árlega í B-deild Stjórnartíðindanna ársreikning sjóðsins. **4. nóv.**

5. gr.

Ennfremur hefir sjóðsstofnandinn, Páll Jónsson, með brjefi, dagsettu 13. mars, 1914, gefið 1456 krónur, sem ávaxtast í sparisjóðsdeild Landsbankans, til stofnunar sjóði til styrktar Guðrúnu Markúsdóttur, fyrverandi húsfreyju að Iðu í Biskupstungnahreppi, ef hagar hennar einhverntíma kynni að verða svo þröngur, að hún þyrfti að þiggja sveitarstyrk að öðrum kosti. Að nefndri Guðrúnu Markúsdóttur látinni skal leggja þann sjóð allan með vöxtum, eða það, sem þá kynni að verða eftir af honum óeytt, við höfuðstól framangreinds samgöngubóta-sjóðs Páls Jónssonar.

Í stjórnarráði Íslands, 4. nóvember 1915.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Jón Hermannsson.